

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. febrúar 2024 í máli nr. 81/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 17. ágúst 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að sjónvarp sem keypt var af varnaraðila hafi verið haldið galla og krefst endurgreiðslu kaupverðs eða nýrrar afhendingar. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 22. ágúst 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann sama dag. Athugasemdir bárust frá sóknaraðila 28. ágúst 2023. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er um, afrit af samskiptum aðila, fjöldi ljósmynda og myndskaið sóknaraðila, skjáskot af vefsíðu varnaraðila af sambærilegum sjónvörpum, bilanalýsing [...], dags. 11. ágúst 2023, ásamt ljósmyndum.

Með bréfi, dags. 25. janúar 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á [...] snjallsjónvarpi af varnaraðila þann 26. desember 2022 og greiddi 209.994 krónur fyrir. Við uppsetningu sjónvarpsins varð vart við skemmdir á skjá þess. Sóknaraðili telur að sjónvarpið hafi verið haldið galla við kaupin og krefst endurgreiðslu kaupverðs eða nýrrar afhendingar. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að sjónvarpið hafi komið ónýtt úr kassanum. Bæði hafi þannill þess verið ónýtur og innvortis brot að finna á skjánum undir varnarfilmu framleiðanda. Kveðst sóknaraðili hafa lagt fram myndband sem sýni staðsetningu varnarfilmunnar áður en hún hafi verið tekin af.

Sóknaraðili bendir á að tækið hafi verið tekið úr kassanum 22. júní 2023 og fest upp á vegg þann sama dag. Þann 8. júlí 2023 hafi sóknaraðili fyrst kveikt á tækinu og orðið gallans var. Sóknaraðili telji að skaðinn komi að innan frá og sjáist ekki að utan nema kveikt sé á sjónvarpinu. Hvorki hafi verið að finna ummerki um skemmdir

á varnarfilmunni sjálfri né skemmdir á kassa eða frauðplasti sem utan um sjónvarpið hafi verið.

Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við varnaraðila 9. júlí 2023 og upplýst hann um gallann á tækinu. Hafi varnaraðili svarað erindi hans á þann veg að tækið væri tjónað og því væri ekki um galla að ræða sem hægt væri að rekja til framleiðanda. Þá hafi varnaraðili bent sóknaraðila á að fara með málið til váttryggingafélags síns.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hefði sótt sjónvarpið með tengdaföður sínum á lánsbifreið frá [...]. Hafi tækið verið meðhöndlað í samræmi við þær upplýsingar sem fram hafi komið á umbúðum þess.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu kaupverðs eða nýrrar afhendingar vegna gallans.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi keypt umrætt sjónvarp 26. desember 2022 og hafi tækið verið afhent honum á vöruhóтели varnaraðila tveimur dögum síðar. Þann 9. júlí 2023 hafi sóknaraðili haft samband við varnaraðila og tjáð honum að tækið hafi reynst bilað þegar það hafi verið tekið úr kassanum. Hafi sóknaraðili upplýst varnaraðila um að það hafi ekki verið gert fyrir vegna framkvæmda á heimili sóknaraðila. Hafi viðgerðaraðili framleiðanda í kjölfarið skoðað sjónvarpið og samkvæmt bilanalýsingu viðkomandi hafi tækið verið brotið efst í vinstra horni þess. Varnaraðili vísar til þess að varnarfilma á tæki komi ekki í veg fyrir að það gæti brotnað, t.d. við uppsetningu þess.

Varnaraðili bendir á að við kaup á tæki samþykki viðskiptavinur skilmála hans þar sem m.a. sé tekið fram að eðlilegur athugunartími þess að vara sé í lagi og ekki skemmd, t.d. eftir flutning eða annað, sé að hámarki 30 dagar. Sé þessi frestur tilgreindur í skilmálunum þrátt fyrir að áhættan af söluhlut flytjist strax yfir á neytanda eftir afhendingu samkvæmt lögum nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Varnaraðili vísar í því sambandi til 13. gr. laganna þar sem fram komi að þegar áhættan af söluhlut hefur flust yfir til neytanda fellur skylda hans til þess að greiða kaupverð ekki niður þótt hluturinn eftir það farist, skemmist eða rýrni ef um er að ræða atvik sem ekki verða rakin til seljanda.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt nkpl. telst söluhlutur gallaður ef hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem komi fram í 15. gr. laganna. Mæli nefnt ákvæði fyrir um að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi og henti í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir séu venjulega notaðir til, sbr. a. og b. lið 1. mgr. 15. gr. laganna. Þá bendir varnaraðili á að miða skuli tímamark galla við afhendingu skv. 1. mgr. 18. gr. nkpl. Í 2. mgr. sama ákvæðis sé að finna undanþágu frá þessari meginreglu þar sem segi að komi galli upp innan sex mánaða frá kaupum skuli gallinn talinn hafa verið til staðar við áhættuflutning nema sýnt sé fram á annað. Vísar varnaraðili til athugasemda við ákvæðið í frumvarpi til laganna þar sem segi eftirfarandi: „[þ]etta þýðir í raun að seljandi verður að sýna fram á að gallinn hafi ekki verið fyrir hendi við flutning áhættunnar af söluhlut til neytanda. Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um það hvernig seljandi getur sýnt fram á þetta. Ákvæðið hefur þó engin áhrif á þá meginreglu að það er neytandinn sem hefur sönnunarbyrðina fyrir því að galli í skilningi 15. og 16. gr. frumvarpsins sé fyrir hendi“. Þá vísar varnaraðili til greinar [...] „Réttarreglur um galla í lausafjárkaupum“ sem birtist í 1. tbl. Tímarits lögfræðinga árið 2004 en þar komi m.a. fram að efnislega eigi reglan fyrst og fremst við um framleiðslugalla. Hins vegar beri neytandi alltaf

sönnunarbyrðina fyrir því að galli í skilningi laganna væri fyrir hendi. Bendi greinarhöfundur sérstaklega á það að hafi t.a.m. orðið höggskemmdir á söluhlut myndi ákvæði 2. mgr. 18. gr. nkpl. ekki eiga við. Þá vísar varnaraðili til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 2012 í máli nr. E-2938/2011 framangreindu til stuðnings.

Varnaraðili kveður að jafnvel þó sóknaraðili hefði sýnt fram á tilvist galla komi það skýrlega fram í 1. mgr. 26. gr. nkpl. að réttindi neytanda vegna galla séu háð því að ekki sé fyrir hendi sök neytanda eða að aðstæður sem hann varði hafi leitt til tjóns. Telur varnaraðili að enginn galli hafi komið í ljós á umræddu tæki heldur hafi það eyðilagst þegar það hafi brotnað í vörslum sóknaraðila. Afleiðingar þess hafi verið þær að skjár tækisins skemmdist. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til álits kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa frá 20. janúar 2020 í máli nr. M-68/2019.

Varnaraðili vísar til þess að viðgerðaraðili framleiðanda hafi fengið sjónvarpið til skoðunar rúmum sex mánuðum eftir kaupin. Hafi viðgerðaraðili ekki fundið neinn framleiðslugalla í tækinu en staðfest að tækið hafi verið brotið við komu þess til viðkomandi. Því telji varnaraðili að gera megri ráð fyrir að tækið hafi verið í samræmi við samning aðila við kaupin. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili því ekki sýnt fram á að galli hafi verið fyrir hendi í tækinu við kaupin og verði því að leggja til grundvallar að meðferð sóknaraðila á því hafi leitt til þess að það hafi skemmt.

Varnaraðili kveðst hafa bent sóknaraðila að kanna rétt sinn hjá tryggingafélagi hans en tjón sem þetta ætti að vera bætt miðað við marga vátryggingarskilmála sem neytendur séu með.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum ítrekar sóknaraðili að hann hafi fyrst orðið gallans var þegar hann hafi tekið sjónvarpið úr kassanum um það bil sjö mánuðum eftir kaupin. Hafi sóknaraðili staðið í framkvæmdum á heimili sínu sem sé ástæða þess hve seint gallinn uppgötvaðist.

Sóknaraðili telur að tveir framleiðslugallar séu á sjónvarpinu. Annars vegar brot efst í vinstra horni þess og hins vegar pixlagalli (plastdoppur) sem sé á nokkrum stöðum á skjánum. Vísar sóknaraðili til framlagðra ljósmynda því til stuðnings. Sóknaraðili bendir á að í andsvörum varnaraðila sé aðeins fjallað um brot á skjá sjónvarpsins.

Sóknaraðili kveðst skilja andsvör varnaraðila á þann hátt að varnaraðili telji að þar sem tilkynning sóknaraðila um galla hafi ekki borist innan sanngjarns frests beri varnaraðili ekki ábyrgð á gallanum. Sóknaraðili vísar til þess að tilkynningarfrestur neytanda sé aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann hafi orðið var við vanefnd. Í 27. gr. nkpl. segi efnislega að neytanda beri að tilkynna seljanda um að hann muni bera vanefnd fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því hann varð vanefndarinnar var eða mátti verða hennar var. Þá vísar sóknaraðili til 1. másl. 2. mgr. 27. gr. nkpl. þar sem kveðið sé á um að leggi neytandi ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi sem hann veitti söluhlut viðtöku geti ekki borið gallann fyrir sig síðar. Í 2. másl. sömu greinar sé fjallað um fimm ára tilkynningarfrest vegna söluhluta sem ætlaður sé lengri endingartími. Að mati sóknaraðili myndi hið keypta sjónvarp falla undir lengri tilkynningarfrestinn. Sóknaraðili hafi keypt tækið í lok desember 2022, tekið eftir gallanum 8. júlí 2023 og tilkynnt varnaraðila um hann degi síðar. Telur sóknaraðili því að hann hafi tilkynnt varnaraðila um gallann innan hæfilegs og sanngjarns frests í skilningi laganna.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili festi kaup á [...] snjallsjónvarpi þann 26. desember 2022 af varnaraðila en tækið var afhent sóknaraðila tveimur dögum síðar. Um kaupin gilda því lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) Að sögn sóknaraðila hafi skjár sjónvarpsins reynst brotinn þegar það hafi verið tekið upp úr kassanum, um sex og hálfum mánuði síðar. Þá hafi verið að finna svonefndar „plastdoppur“ á nokkrum stöðum á skjánum. Sóknaraðili telur að sjónvarpið hafi verið haldið galla við kaupin og krefst endurgreiðslu kaupverðs eða nýrrar afhendingar. Varnaraðili hafnar því og telur að tækið hafi skemmt í meðförum sóknaraðila.

Ákvæði 15. og 16. gr. nkpl. mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar við afhendingu. Neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupin ef lengra en sex mánuðir eru frá kaupunum.

Óumdeilt er í málinu að sóknaraðili upplýsti varnaraðila um ætlaðan galla á tækinu 9. júlí 2023 eða um sex og hálfum mánuði eftir afhendingu þess, sbr. 7. gr. nkpl. Hvílir því á sóknaraðila að sýna fram á að sjónvarpið hafi verið haldið galla við afhendingu.

Í málinu liggur fyrir að sjónvarpið var skoðað að frumkvæði varnaraðila, af [...], sem er viðgerðaraðili framleiðanda á Íslandi. Í framlögðum tölvupósti viðgerðaraðila til varnaraðila, dags. 11. ágúst 2023 segir eftirfarandi: „Hérna eru myndir af umræddu TV. Það er illa brotinn skjárinn, borgar sig ekki. Brotið hefur byrjað í vinstra horninu efst og hríslast síðan niður og út um skjáinn“. Þá er að finna í gögnum málsins fjölda ljósmynda beggja aðila af skemmdum á skjá sjónvarpsins. Af þeim verður ráðið að skemmdirnar eru í samræmi við framangreinda lýsingu viðgerðaraðila á ástandi tækisins. Almennt má gera ráð fyrir að skjár sjónvarps brotni einkum af völdum óvarlegrar meðferðar eða notkunar á því. Af gögnum máls verður í það minnsta ekki ráðið með vissu að tjónið sé afleiðing framleiðslugalla.

Með hliðsjón af framansögðu hefur sóknaraðila ekki tekist að sanna að skemmdir á skjá sjónvarpsins megi rekja til galla sem hafi verið til staðar við afhendingu þess 28. desember 2022. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

V
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson